

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2 millj. íslenzkar krónur, og hefur það þegar verið afhent rektor Háskóla Íslands. Ávöxtun sjóðsins og varzla hans er í höndum rektors og háskólaráðs. Fé sjóðsins má ekki leggja í áhættusöm fyrirtæki, en ávaxta má það í tryggum verðbréfum með öruggum vaxtatekjum.

Stjórn sjóðsins er að öðru leyti í höndum stjórnarnefndar, sem háskólaráð kýs og skipuð er 3 aðalmönnum og 3 varamönnum. Stjórnin kýs sér formann og ritara.

Stjórn sjóðsins skal halda fundarbók, er löggilt sé af rektor Háskóla Íslands, og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun styrkja úr sjóðnum og aðrar fundarsamþykktir og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Árlegum tekjum skal verja annað tveggja til þess að verðlauna íslenzkan vísindamann, sem fjallar um málvísindi, sagnfræði, *félagsvísindi* eða *önnur hugvísindi (húmanísk vísindi)* eða til útgáfu íslenzkra handrita eða handritafræða eftir ákvörðun stjórnarnefndar. Deila má fé því, sem til úthlutunar kemur, í tvo hluta. Nú telur stjórnarnefndin, að enginn maður sé verður að hljóta verðlaun tiltekið ár og ekki sé heldur vert að styrkja útgáfu handrita, og ber þá að leggja tekjur sjóðsins það ár við höfuðstólinn *nema stjórnarnefnd samþykki að leggja þær við fé það, sem til úthlutunar kemur á næsta ári.*

4. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum frá Noregi eða Norðmönnum, sem dveljast utan Noregs, ef stofnandi sjóðsins fellst á það.

5. gr.

Háskólaráð lætur árlega gera reikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í árbók háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin eldri skipulagsskrá, nr. 141 frá 6 október 1961.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar, nr. 4 20 janúar 1962.

1. gr.

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á 400 aura hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um tvenna kwst.mæla, annan til ljósa og hinn til suðu og hitunar, þannig reiknað:

Fyrir notkun um ljósamælinn	400 aura á kwst.
Fyrir notkun um suðumælinn	110 — —

 Suðu- og hitunartæki, sem tengd eru við suðumælinn, skulu vera fasttengd. Þó má tengja eldavél um sérstakan 25 Amp. eldavélatengil og hafa einn tengil í eldhúsinu að auki fyrir suðutæki, strokjárn o. þ. h.
2. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu þannig reiknað:
 - a. Fastagjald af gólfleti íbúðar
 - b. Orkugjald

Fastagjald af gólfleti íbúðar	75 aurar á m ² á mán.
Orkugjald	85 — — klst.

 Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangur og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða því líkt er að ræða.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 200 aura hverja kwst.
2. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20000 kwst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.mæli þannig:

Fyrir fyrstu 20000 kwst. ársnotkun	93 aurar á kwst.
Fyrir næstu 30000 kwst. ársnotkun	88 — — —
Fyrir næstu 50000 kwst. ársnotkun	79 — — —
Fyrir næstu 100000 kwst. ársnotkun	66 — — —
Fyrir umfram 200000 kwst. ársnotkun	56 — — —

 Verð þetta miðast við að útsöluverð á díselolíu á Siglufirði sé 155 aurar lítrinn heimkeyrt, en fyrir hver full 10%, sem olíuverðið lækkar eða hækkar frá því verði, lækkar eða hækkar verð orkunnar um 10%.

D. Hitun.

Um kwst.mæli (séræli fyrir hitalögnina) á:

1. 45 aura hverja kwst.
2. 40 aura hverja kwst. gegn því skilyrði, að straumurinn sé rofinn með klukkurofa í allt að 3 klukkustundum hvern sólarhring, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitustjóra. Notandinn setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald rofans. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til klukkurofa og kosti viðhald hans, og kostar þá notandinn tengingu rofans og greiðir leigu af honum samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
3. Rafveitunni er heimilt að selja raforku til hitunar yfir mánuðina maí—nóv., eða meðan vatn er yfirfljótanlegt á 30 aura kwst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að tæki, lagnir og allar búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrimælum rafveitunnar.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Rafveitustjóri getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.

2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.60 hverja kwst.
3. Til lýsingar gatna, hafnar, skóla, sundlaugar, sjúkrahúsa og kirkna um kwst.-mæli á kr. 1.60 hverja kwst.
4. Til fiskþurrkunarhúsa selst raforkan til hreyfla eftir gjaldskrárlið C 2, en fyrir hita til þurrkunar eftir D 2.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. í III. kafla komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef ný lögn krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrra spennistöðva, nýrra aflstrengja, nýrra loftlína eða annars búnaðar, verði gjöldin ákveðin af rafveitustjóra í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni nr. 51 16. marz 1963.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. marz 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

I. KAFLI

Sumargjaldskrá (gildir á tímabilinu 1. apríl til 30. sept.).

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu skipa er miðað við djúpristu skipsins, brúttóstærð þess og leið þá, sem skipið siglir með aðstoð leiðsögumanns.

2. gr.

Fyrir hvern desimetra allt að 3 metrum, sem skipið ristir (þar sem það liggur dýpst), greiðast kr. 1.50. Fyrir hvern dm, sem er fram yfir 3 metra, allt að 4 m, greiðast kr. 4.50; fyrir hvern dm fram yfir 4 m, allt að 5 m, greiðast kr. 9.00; frá 5—6 m, kr. 15.00, en fyrir hvern dm fram yfir 6 m greiðast kr. 22.50. Brot úr dm telst sem heill dm.

3. gr.

Fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu, sem leiðsögumaður leiðbeinir skipum, skulu greiddar: